

Einstaklingur sem á erfitt með að anda vegna þess að eitthvað stendur fast í hálsinum á honum getur orðið mjög hræddur. Þú getur komið honum til hjálpar með því að veita viðeigandi skyndihjálp.

Settu rétt orð inn í eyðurnar hér fyrir neðan, notaðu orðin úr orðabankanum.

Spurningar	Svör	Orðabanki
Hvernig virkar kvið þrýstingur?	Hann þrýstir loftinu frá lungunum upp losnað .	þrýstir lækni kvið skoða lungunum skaða losnað
Er hægt að valda skaða á líffærum með kviðþrýstingi?	Já. Einstaklingur sem hefur verið beittur kviðþrýstingi þarf að láta lækni skoða sig.	skoða lungunum skaða losnað

Hvað gerirðu? - fullorðnir og börn eldri en eins árs

- Hvettu viðkomandi til að hósta kröftuglega, ef hann getur.
- Ef aðskotahluturinn losnar ekki hallaðu viðkomandi fram, haltu með annarri hendinni við bringuna og sláðu þéttingsfast með hinni fimm sinnum á milli herðablaðanna. Ef aðskotahluturinn losnar ætti hann að koma út um munninn í stað þess að fara lengra niður í öndunarveginn.
- Beittu þrýstingi á efri hluta kviðar (Heimlich). Stattu aftan við manneskjuna og gríptu um kvið hennar rétt fyrir ofan nafla. Krepptu hnefa annarrar handar og gríptu um hann með hinni hendinni. Þrýstið allt að 5 sinnum snöggt inn á við og upp.
- Ef einstaklingurinn missir meðvitund, skaltu hringja í Neyðarlínuna 112 og byrja endurlífgun.
- http://rki.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?name=skyndihjalp_birtafrett&detail=63716
- <http://www.youtube.com/watch?v=Wuo893OC0yE&feature=channel>